

Skólaráðsfundur 28. apríl 2014

Fundarmenn: Aðalheiður G., Helga Veronika, Helgi, Marsibil, Sigríður og Úlfhildur. Hulda Sólveig var veik og Róbert Elí og Sigurður voru í skólaferðalagi í útlöndum.

1. Helgi skólastjóri setti fund og sagði frá væntanlegu skipulagi næsta skólaárs. Það má búast við að það verði 430 nemendur hjá okkur og 22 bekkjardeildir. Alls staðar eru tvær bekkjardeildir í árgangi, en í 1., 2. og 5. bekkjum eru þrjár bekkjardeildir. Við fáum úthlutað 1020 kennslutímum, sem er fjölgun frá því í fyrra. Það er einnig fjölgun á skiptitímum. Elstu börnin fara í kjarnafög og síðan eru bundnir 3 tímar í verk- og listgreinum. Val er á milli textil og smíði. Þá verður val í öðrum verkgreinum ekki eins mikið og verið hefur. Í Iðnskólanum fá þau að kynnast öllum greinum. Gaflaraleikhúsið verður einnig áfram með val í leiklist. Hægt er að taka strætó í Iðnskólann af Holtinu nr. 42 sem síðan breytist í 43 niður í Firði og er það til mikillar hagræðingar fyrir okkur.

Við fengum styrk upp á eina og hálf milljón fyrir verkefni er nefnist *Upplýsingalæsi - nám í gegnum leik*. Úlfhildur Guðbjartsdóttir stýrir verkefninu innan skólans og en verkefnið er einnig unnið í samstarfi við sprotafyrirtækið Locatify og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar. Þetta ýtir á þráðlaust net hjá okkur til þess að við getum nýtt okkur þetta. Það er hægt að nota margar námsgreinar í þessu verkefni.

Vorhátíðin okkar verður föstudaginn 23. maí frá kl. 11.30-13.30. Við munum vinna hana saman. Skólinn sér um pylsur, meðlæti og djús.

Sveindís var ánægð með fundinn með eineltisteyminum. Henni finnst að það eigi senda bréf til foreldra viðkomandi bekkjar ef upp kemur einelti í bekk barna þeirra. Sbr. að það er alltaf send út bréf ef upp kemur lús í einhverjum bekknum. Við þurfum að skoða þetta vel og athuga hvort þetta samræmist Olweusar-áætluninni?

Við ræddum um skíðaferðir en ekki var farið með bekkina þetta árið. Þetta var á áætlun þegar farið var að Reykjum og einnig voru árshátíðir o.fl. Við þurfum að vera betur vakandi á næsta ári og reyna að setja þetta inn í áætlun hjá okkur.

Sveindís sagði frá Smáralundi en þau fara alltaf með elstu börnin hjá sér á sundnámskeið á vorin. Það er afar jákvætt. Þetta gæti verið eitt samstarfverkefnið á milli leik- og grunnskóla en þetta samræmist vel heilsumarkmiðum skólans.

Fleira var ekki tekið fyrir að sinni.

Næsti fundur verður þann 26. maí kl. 14.30.

Samantekt: Marsibil Ólafsdóttir.